Reykjavík 24. september 2026

Efni: Umsögn Fuglaverndar um áform um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, mál nr. S-191/2026 (https://island.is/samradsgatt/mal/4318)

Fuglavernd fagnar framlögðum áformum um lagasetningu með ákvæðum um stjórnunar- og verndaráætlanir og um mögulegt inngrip ráðherra í ósjálfbærar hlunnindaveiðar.
Vakin er athygli á því að fjallað var um bæði þessi mikilvægu atriði í umfangsmikilli úttekt sérfræðingahóps þáverandi ráðherra umhverfismála um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra (hér eftir nefnd villidýranefndin), sem út kom árið 2013 (hér eftir nefnd villidýraskýrslan). Þar var farið ítarlega yfir lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra hérlendis og settar fram rökstuddar tillögur um úrbætur.[1] Úttektin fól í sér viðamikið samráð við hagaðila og ríkti almennt mikil sátt um efni hennar hjá ólíkum aðilum.

Efni og tillögur villidýraskýrslunnar hafa staðist tímans tönn, enda engar efnislegar breytingar verið gerðar frá útgáfu hennar á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (hér eftir villidýralög). Eins og skýrslan sýndi kyrfilega fram á er mikil þörf á heildarendurskoðun villidýralaganna. Fuglavernd styður breytingarnar sem hér eru til umfjöllunar varðandi ákvæði um stjórnunar- og verndaráætlanir og um hlunnindaveiðar, en skorar á stjórnvöld að fresta ekki frekar heildarendurskoðun villidýralaganna og líta ekki svo á að með þessum breytingum séu lögin fullnægjandi, því sú er ekki raunin. Breytingatillagan sem hér er til umfjöllunar má ekki verða til þess að heildarendurskoðun laganna tefjist enn frekar, og vill Fuglavernd árétta mikilvægi þess að sú endurskoðun byggi á tillögum sem settar voru fram í villidýraskýrslunni.

[1] Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson (2013). ***Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur.*** Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum. **[PDF]**

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

Athugasemdir við einstakar lagagreinar:

1. grein: Stjórnunar- og verndaráætlanir

Fuglavernd telur greinina bæta núverandi lög. Nokkur ár eru síðan vinna við stjórnunar- og verndaráætlanir mikilvægra nytjategunda villtra fugla hófst undir stjórn Náttúruverndarstofnunar og eru slíkar áætlanir mjög til bóta. Fuglavernd gagnrýnir þó að vinnan við þær gengur alltof hægt. Í 3. kafla greinargerðar með frumvarpinu er lagt til að endurskoða stjórnunar- og verndaráætlanir á fimm ára fresti. Það er gott og vel en ef ekki verður settur meiri kraftur í áætlanagerðina en verið hefur, þá er hætt við að stór hluti vinnunnar fari í endurskoðun örfárra áætlana en að ekki verði gerðar áætlanir fyrir aðrar tegundir. Félagið skorar því á ráðherra og ráðuneyti að tryggja Náttúruverndarstofnun og samstarfsaðilum hennar nægilegt fjármagn til að setja gerð stjórnunar- og verndaráætlana á oddinn og klára sem fyrst fyrir a.m.k. allar mikilvægar veiðitegundir (hvort sem um er að ræða nytjategundir eða tegundir sem veiddar eru vegna tjóns sem þær kunna að valda) og tegundir sem standa höllum fæti, enda væri það í samræmi við markmið um sjálfbærar veiðar og líffræðilega fjölbreytni.

Í vinnu varðandi einstakar tegundir kemur fljótt í ljós að besta þekking á þeim liggur ekki endilega hjá ríkisstofnunum og þarf í þeim tilfellum að tryggja Náttúruverndarstofnun fjármagn til að leita faglegrar aðstoðar helstu sérfræðinga landsins (eða erlendra aðila) við gerð áætlana um viðkomandi tegundir.

4. grein: Hlunnindanýting og friðun

Greinin fjallar um takmörkun á hlunnindaveiðum þegar ástæða er til. Grunnregla núgildandi villidýralaganna er að villtir fuglar og villt spendýr séu friðuð nema annað sé tekið fram í lögunum (6. gr.). Þó er í næstu grein (7. gr.) áréttað að heimilt sé að aflétta friðun vegna nytja eða tjóns að því gefnu að stofninn þoli veiðarnar. Af þessu virðist ljóst að ráðherra var ætlað að hafa skýrt umboð til að fella niður útgefnar veiðiheimildir ef sjálfbærniforsendum veiðanna væri ekki mætt. Sumir hafa aftur á móti túlkað lögin þannig að réttindi hlunnindaveiðihafa gangi framar sjálfbærnisforsendu laganna og að þeir hafi leyfi til að stunda veiðar á hlunnindategundum, jafnvel þótt stofnar þeirra geti ekki staðið undir veiðunum (20. gr.). Gott er að nú skuli eyða þessari réttaróvissu, enda er sjálfsagt

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is

að yfirvöld geti stöðvað veiðar úr stofnum villtra dýra sem eru á greinilegri niðurleið og standa ekki undir veiðum, sbr. 7. gr. villidýralaganna.

Fuglavernd telur að í tillögum að breytingu 20. gr. villidýralaganna sé gengið of skammt og að ráðherra ætti að sjálfsögðu líka að vera heimilt að stöðva hefðbundna eggja- og ungatöku hjá fuglum ef hún uppfyllir ekki skilyrði um sjálfbærni. Þess vegna þarf að breyta bæði málsgreinum 4 og 5. Nauðsynlegt er að taka út textann: „*skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis*“ í báðum málsgreinum til að taka af allan vafa, og setja í staðinn „*enda sé nýtingin sjálfbær og viðkomandi fuglastofn standi undir slíkri nýtingu*“ eins og nú er lagt til varðandi 5. málsgrein.

Varúðarreglan:

Fuglavernd vekur athygli á að varúðarreglan, ein af meginreglum umhverfisréttar (9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd), virðist oft gleymast þegar kemur að ákvörðunum um veiðar á villtum fuglum. Brýnt er að hún sé í hávegum höfð við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og við allar ákvarðanir varðandi stjórnun veiða, þ.e.a.s. að skortur á vísindalegri þekkingu sé ekki notaður sem afsökun fyrir að ráðast ekki í skilvirkar aðgerðir til verndar tegunda.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar

Fuglaverndarfélag Íslands | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 562 0477 | fuglavernd@fuglavernd.is | fuglavernd.is